

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 21. nóvember 2019
Mnr. 2019010013



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - drög að svari til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga bréf 17.10.19

Svar við fyrirspurn er í takt við það svar sem sent var vegna ársreiknings 2017 og er að finna í skýringu nr. 17 í ársreikningi Ísafjarðarbæjar 2018. Í skýringunni kemur fram að Ísafjarðarbær þurfti að gjaldfæra 14.397,- þúsundir króna vegna A-deildar Brúar. Til viðbótar við það er fjármagnskostnaður kr. 6,4 m.kr. á árinu 2018 vegna fjármögnunar á Brú en tekið var lán upp á 563 m.kr. hjá LSS í febrúar 2018 til að greiða fyrirframgreiðsluna til Brúar. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessu verkefni þegar fjárhagsáætlun ársins 2018 var unnin en gerður var viðauki þar sem reynt var að bregðast við þessu en á kostnað sveitasjóðs. Snjómoksturskostnaður reyndist svo tvöfaldur á við árið á undan og þurfti að bregðast við með viðauka upp á 25 m.kr. Á árinu 2018 voru gerðir 15 viðaukar sem samanlagt höfðu jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu sveitasjóðs um 25,3 m.kr. Reynt var að mæta öllum viðaukum með niðurskurði á öðrum sviðum innan sveitasjóðs. Meðal annars þurfti að finna leið til að brúa 21 m.kr. viðbótarkostnað vegna Fráveitu þar sem lagnir voru ónýtar á stóru svæði. Einnig þurfti að brúa 21,5 m.kr. bætur vegna Funa sem ekki var gert ráð fyrir. Þessum viðaukum var m.a. mætt með niðurskurði á sveitasjóði.

Ljóst er að niðurstaða sveitarsjóðs á árinu 2018 er betri en áætlun með viðaukum 2018 gerði ráð fyrir, eða halli upp á 14.221,- þúsundir króna í stað 20.960,- þúsundum króna en upphaflega gerði samþykkt áætlun 2018 ráð fyrir að sveitasjóður væri rekinn með halla upp á 46.244 m.kr. Við gerð ársreikningsins og afstemmingar á hlutafjármiðum í mars 2019 kom í ljós að niðurfærsla varð á stofnfé sveitarfélagsins í félaginu Hvetjanda að fjárhæð kr. 6.946.220,- sem samþykkt var 25. september 2018 í hlutafélaginu en láðist að koma upplýsingunum til skila svo hægt væri að bregðast við með viðauka. Að lokum reyndist verðbólgan meiri en áætlað var eða um 15 punktar í stað 10, sem leiddi til þess að vextir og verðbætur hjá sveitasjóði urðu 28 m.kr. hærrí en áætlað var sem ekki var hægt að bregðast við í tíma.

Lagt var upp með í áætlun 2019 að reka sveitasjóð með rekstrarafgangi að fjárhæð 3.829 þúsundir króna. Hins vegar fannst mikil mygla í 2 grunnskólum á árinu sem bregðast þurfti við. Leiddi það til aukins viðhaldskostnaðar upp á 90 milljónir króna og var gerður viðauki sem hafði áhrif upp á 82 m.kr. á sveitasjóð. Eftir að myglumálið kom upp fóru þrjú viðaukar til viðbótar fyrir bæjarstjórn sem höfðu neikvæð áhrif á sveitasjóð, samanlagt upp á 18,5 m.kr., m.a. vegna viðgerða á lyftu á skíðasvæði sem hefði þýtt lokun á svæðinu ef ekki hefði verið brugðist við. Áætlun 2019 með viðaukum gerir því ráð fyrir nú að sveitasjóður sé neikvæður um 96,6 m.kr. Hins vegar lítur út fyrir að samhent átak í aðhaldi á öllum sviðum sé að skila árangri, m.a. með frestun á viðhaldi eða frestun verkefna og lægri kostnað í snjómokstri, þá höfum við væntingar um að í sveitasjóður verði jákvæður í lok árs. Í nýsendum þriðja ársfjórðungi er sveitasjóður jákvæður um 49 m.kr. á meðan áætlun fyrir sama tímabil gerði ráð fyrir rekstrarhalla upp á 85,9 m.kr.